Yfirlitssýning á verkum Barböru Árnason

Í DAG, laugardag, kl. 20.00 verður opnuð yfirlitssýning á Kjarvalsstöðum á verkum Barböru Árnason. Það er maður hennar, Magnús Á. Árnason, og sonur þeirra, Vífill, sem hafa sett upp þessa sýningu til minningar um listakonuna.

Á þessari yfirgripsmiklu sýningu eru um 190 verk, grafík, vatnslitamyndir, landslagsmyndir, vefnaður og aðrir gripir eftir Barböru.

Flestar myndirnar eru í einkaeign og hafa 77 einstaklingar lánað verk á sýninguna en þó munu nokkrar myndir vera til sölu.

Að sögn Magnúsar eru verk frá síðustu sýningu Barböru ekki á þessari, því þeir feðgar vildu ekki sýna sömu myndirnar með of stuttu millibili.

Barbara stundaði nám í undirbúningsskóla í Winsester og lauk síðan námi frá Royal College of Art, en alla sína ævi starfaði hún hér á landi. Hún var yngsti félagsmaður í Grafíkfélaginu brezka og í marz s.l. hélt það félag minningarsýningu um hina látnu listakonu, þar sem nýjustu tilraunir hennar í grafíklist, vatnslitaþrykk, vöktu mikla athygli meðal kunnáttumanna.


Í sýningaskrá sem gefin er út í tilefni sýningarinnar segir Aðalsteinn Ingólfsson:

„Alveg frá upphafi einkennast verk Barböru af fínlegum en markvissum hrynjandi og umfjöllun hennar er í senn ljóðræn og innileg. Hið volduga og stórkostlega höfðaði ekki til hennar, heldur var það hið smágerva, saklausa og upprunalega, sem jafnan dró fram hið bezta í Barböru, t.a.m. börn, dýr og gróður. Og allt var þetta túlkað af nærfærni og elsku, sem á ekkert skylt við grátlega viðkvæmni, — virðing er líklega lykilorðið hér, virðing fyrir öllu sem lifir."

Eins og áður sagði verður opnunin á laugardag, en fyrir almenning verður sýningin opnuð á sunnudag kl. 14.00. Sýningin verður síðan opin fram til 20. júlí alla daga frá 16.00—22.00, nema sunnudaga frá 14.00—22.00.



Feðgarnir Magnús og Vífill við málverk af Barböru, sem Magnús málaði 1937.



Unnið að uppsetningu sýningarinnar að Kjarvalsstöðum í gær.



Nokkur verkanna á sýningunni.


Heildarolíusalan minnkaði um 13 þús. tonn

HEILDARSALA olíufélaganna á bensíni og brennsluolíum minnkaði á sl. ári um rúm 13 þúsund tonn eða um 2,53% frá árinu á undan. Í fyrra nam salan samtals 574 þúsund tonnum.

Samkvæmt fréttablaði Olíufélagsins Skeljungs eru nokkur athyglisverðustu einkenni markaðarins á sl. ári þau, að þrátt fyrir aukna bifreiðaeign stóð bensínsala að mestu í stað svo að það svaraði til a.m.k. 10% samdráttar í notkun.

Gasolía til húsahitunar hélt áfram að dragast saman meðan gasolíusala til íslenzkra fiskiskipa hefur aukizt aflverulega og nam um 36% af gasolíunotkuninni í fyrra. Þá hélt flugvélaeldsneytissala til erlendra flugfélaga áfram að dragast saman. Nam salan um 18.490 tonnum og minnkaði um rúm 27% frá árinu á undan.

Heildarvelta í olíuverzluninni jókst úr 12.829 millj. árið 1974 í 20.125 millj. á sl. ári eða um 57%. Hefur velta þessarar verzlunargreinar nær fimmfaldast frá árinu 1972.



Hér sést hvernig útsöluverðið á bensíni miðað við 6. maí sl. skiptist prósentulega í kostnaðarþætti, og sést þar að innkaupsverðið er rétt um þriðjungur af útsöluverðinu.

Yfir 1000 nýir félagar í Garðyrkjufélagi Íslands

GARÐYRKJURITIÐ 1976 — ársrit Garðyrkjufélags Íslands — er komið út og er yfir 200 bls. að stærð.

Í ritinu er fjöldi greina og annar fróðleikur er varðar garðrækt. Meðal höfunda eru Ólafur B. Guðmundsson, Ingólfur Davíðsson, Einar I. Siggeirsson, Hermann Lundholm og Ágúst Þorvaldsson. — Í ritinu er og skýrsla stjórnar Garðyrkjufélags Íslands 1975 og fréttir frá deildum úti á landi. Í skýrslunni kemur m.a. fram að félagar í Garðyrkjufélaginu er nú 3900 og bættust yfir 1000 nýir félagar við á árinu þannig að mikil gróska er í starfseminni. Skrá er yfir alla nýju félagana í ritinu.

Ólafur B. Guðmundsson er ritstjóri Garðyrkjuritsins, en í ritnefnd eru Óli Valur Hansson og Einar I. Siggeirsson.





Að þessu sinni útskrifast 48 nýstúdentar frá Menntaskólanum á Laugarvatni. Ljósm. V. Sigurgeirsson.

48 nýstúdentar útskrifast frá Laugarvatni

MENNTASKÓLANUM á Laugarvatni var slitið 13. júní sl. og voru þá brautskráðir frá skólanum 48 nýstúdentar. Alls stunduðu nám við skólann í vetur 184 nemendur í 9 bekkjardeildum.

Nýstúdentarnir 48 voru úr þremur deildum, 24 úr máladeild, 11 úr eðlisfræðideild og 13 úr náttúrufræðideild. Hæstu einkunn úr máladeild hlaut Magnús Sigurðsson, Reykjum í Lundarreykjadal, Borgarfirði, 9,18. Í eðlisfræðideild hlutu hæstu einkunnir Bergný Marvinsdóttir, Selfossi, 8,22 og Árni Páll Ögmundsson, Stóru-Sandvík í Sandvíkurhreppi 8,06. Af nemum í náttúrufræðideild hlaut hæstu einkunn á stúdentsprófi Sigurður V. Guðjónsson frá Neskaupsstað, 8,06.

Í skólaslitaræðu Kristins Kristmundssonar skólameistara kom m.a. fram að um þessar mundir er verið að ljúka frágangi á íbúðarhúsi með tveimur íbúðum fyrir kennara skólans og enn er ólokið að ganga að fullu frá kennslustofum og lóð skólans. Skólameistari tók fram að enn vantaði bæði viðbótarkennsluhúsnæði og fleiri kennaraíbúðir. Námsárangur nemenda í neðri bekkjum skólans er góður en aðsókn að skólanum hefur verið góð á síðustu árum og er þegar fullskipað í skólann á næsta vetri. Félagslíf nemenda hefur í vetur verið með fjölbreyttasta móti. Fastráðnir kennarar við skólann í vetur voru 9 auk skólameistara.

Við skólaslitin töluðu fulltrúar afmælisárganga. Jóhann Gunnarsson talaði fyrir hönd 20 ára stúdenta og þeir færðu skólanum að gjöf veglega bókargjöf. Fyrir hönd 10 ára stúdenta talaði Jóhann Briem en 10 ára stúdentar gáfu skólanum vönduð hljómflutningstæki. Jóhann Hannesson, fyrrverandi skólameistari, ávarpaði viðstadda og færði skólanum að gjöf Þjóðhátíðarútgáfu af Landnámu. Fjölmenni var við skólaslitin og þágu viðstaddir kaffiveitingar á staðnum.